

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kristínar Hólmfríðar Tryggvadóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. maí 1934. Skipulagsskráin er þannig: 39
2. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kristínar Hólmfríðar Tryggvadóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Kristínar Hólmfríðar Tryggvadóttur“ og er stofnaður í minningu um ungrú Kristínu H. Tryggvadóttur, f. 28. febr. 1906, d. 28. maí 1926 í heilsuhælinu á Vífilsstöðum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á greftrunardegi hinnar látnu, 11. júní 1926, af Tryggva Kristinssyni frá Yztabæ. Er stofnféð kr. 500,00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla kirkjusöng í Svarfaðardalshreppi.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af sveitarstjórn Svarfaðardalshrepps. Skal stjórnin á ári hverju semja reikning hans ásamt reikningum sveitarsjóðs og færa innstæðu hans á eignaskýrslu hreppsreiknings, en sýslunefnd endurskoðar reikninginn og úrskurðar.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ávaxta í Sparisjóði Svarfdæla. Þó getur stjórn hans ef henni þurfa þykir, gert ráðstafanir til breytinga í þessu efni, en ætíð sjá um, að trygging fyrir geymslu sjóðsins og vöxtum sé nægileg og örugg. Allir vextir skulu lagðir við höfuðstólinn ásamt gjöfum og öðrum tekjum, er sjóðnum kann að hlotnast, þar til ársvextir sjóðsins nema minnst 250,00 krónum. Má þá verja 200 krónum til útborgunar á ári hverju. Eftir það skal að minnsta kosti leggja 50 krónur á ári við höfuðstólinn af vöxtum hans, unz ársvextir nema 2000 kr. Þá fyrst má verja þeim öllum til útborgunar, en höfuðstólinn má aldrei skerða.

6. gr.

Fé því, sem fellur til útborgunar úr sjóðnum, skal verja til þess að launa einn organleikara við þær kirkjur Svarfdæla, sem hafa meiri hluta allra sveitarmanna í söfnuðum sínum, gegn því, að söfnuðir þeir er hann starfar fyrir greiði honum að minnsta kosti 200 krónur í árslau. Þegar samanlögð árslau organleikara nema 1000 krónum, má verja því sem þá verður afgangur af útborgunar-

- 39 fé sjóðsins, annaðhvort til þóknunar handa söngflokki innan sveitar eða til styrktar söngnámi. Engum organleikara má greiða laun af fé sjóðsins, nema hann með vottorði gefnu og undirrituðu af organleikara í Reykjavíkurdómkirkju sanni, að hann sé fullhæfur til þess að gegna organleikarastarfi, og hafi auk þess til að bera nokkra þekkingu og kunnáttu í hljómfraði. Skyldur skal og organleikarinn til þess, að halda opinbera samsöngva að minnsta kosti þrisvar sinnum á ári og skal ágóði af einum þeirra ætíð ganga til sjóðsins, og leggst þá við höfuðstól hans.

7. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 28. febrúar ár hvert. Annast hana þrír menn. Sóknarpresturinn í Vallaprestakalli og tveir menn aðrir, sem kjörnir eru af sveitarbúum. Skulu menn þessir kosnir til þriggja ára í senn, en að öðru leyti fer um kjörgengi þeirra og kosningu sem til hreppsnefndar væri.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

p. t. Völlum í Svarfaðardal, 11. júní 1926.

Tryggvi Kristinsson
frá Yztabæ.

- 40 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóhanns Jóns-
2. maí sonar frá Ytra-Hvarfi“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 2. maí 1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhanns Jónssonar frá Ytra-Hvarfi.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður af Jóhanni Jónssyni, hreppstjóra á Ytra-Hvarfi, til verklegra framkvæmda í hreppnum með samskotum á þjóðhátíð, sem haldin var í Svarfaðardal árið 1874, að upphæð kr. 400.00 — fjögur hundruð krónur — sem nú eru kr. 1021.03. Hann skal heita: „Minningarsjóður Jóhanns Jónssonar frá Ytra-Hvarfi“, fæddur 31. október 1836, dáinn 4. maí 1901.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Svarfaðardalshrepps og stjórnað af hreppsnefnd. Árlega ber að semja reikning sjóðsins og innfæra hann í gerðabók hreppsins jafnhliða sveitarsjóðsreikningi. Skal innstæða hans færð inn á eignaskýrslu hreppsins og sendast til sýslunefndar með sveitarsjóðsreikningi til endurskoðunar og úrskurðar.